

Kl. 10:20 Málstofa – fyrsta lota

Að læra og leika

Félagsmiðstöðin Tían í Árseli er opin alla virka daga vikunnar fyrir 10-12 ára börn. Öll börn sem vilja geta tekið þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar beint eftir skóla og til kl. 16:00. Í erindinu verður rætt um af hverju þörf er á að bæta þjónustu við þennan aldur. Allt kostar þetta peninga, eða hvað?.

Bjarni Þórðarson, forstöðumaður í félagsmiðst. Tíunni, Árseli.

Hjólaferð á hálendinu

Sumarið 2018 fór hópur af krökkum í 9. bekk í vinnuskólahópnum í Gufunesbæ í hjólaferð á hálendið að vinnutímabili loknu. Farið var í tveggja náttu ferð inn á Fjallabak syðra og gist í Hungurfitjum. Ferðin var skemmtileg áskorun, bæði fyrir unglinga og starfsfólk, en alls hjólaði hópurinn 65 km en hluti hópsins hjólaði 95 km yfir hóla og hæðir, ár og vötn. Farið verður yfir skipulag og framkvæmd ferðarinnar en einnig verður sýnt myndband úr ferðinni.

Helga Hjördís Lúðvíksdóttir og Bjarki Þórðarson, frístunda-leiðbeinendur í félagsmiðstöðinni Púgyn, Gufunesbæ.

„Night Game“

Night Game er æsispennandi rat/eltingaleikur sem tvinnar saman spennuelling, gáfur og fjör! Leikurinn verður kynntur og sagt frá undirbúningi þessa stórskemmtilega leiks sem er samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvanna Frosta og 100&1.

Jessý Rún Jónsdóttir, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni 100&1, og Yrsa Ósk Finnbogadóttir, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Frosta, Tjörninni.

Tónlistarsköpun í frístundastarfi barna

Sagt verður frá verkefni um skapandi tónlistarstarf á frístundaheimilum Kringlumýrar. Flæði, reynslunám, barnalýðræði og frjáls sköpun eru nokkur lykilhugtök sem eru höfð í hávegum í starfinu. Raftónlistarspuni og trommuhringur hafa verið aðaláhersluatriðin undanfarið

Markús Bjarnason, verkefnastjóri í Frístundamiðstöðinni Kringlumýri.

Kynfræðsla í skóla- og frístundastarfi

Reykjavíkurráð ungmenna hefur ítrekað óskað eftir aukinni kynfræðslu, meiri fjölbreytileika, frekari áherslu á félagslega þætti kynhegðunar og að fræðslan byrji fyrir á skólagöngunni. Samráðshópur lagði til tillögur að stefnumótun í kynfræðslu og í vetur fór af stað þróunarverkefni í tveimur hverfum í borginni. Aldrei áður hefur verið gerð heildstæð og samræmd áætlun um kynfræðslu í Reykjavík, þar sem þrjár fagstéttir koma að fræðslunni. Verkefnið er sett upp sem þriggja ára tilraunaverkefni, sem verður svo nýtt til að innleiða breytingarnar á aðra starfsstaði.

Áslaug Einarsdóttir, forstöðukona í félagsmiðstöðinni Fjörgyn, Gufunesbæ, og Kári Sigurðsson, aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöðinni Hólmaseli, Miðbergi.

Barnakosningar í Laugarseli

Barnakosningar eru skemmtileg og mikilvæg leið til að kenna börnum að þau hafi áhrif á umhverfið sitt. Í Laugarseli höfum við verið að notast við ýmsar aðferðir til að hafa virkt lýðræði svo börnin geti komið sínum skoðunum á framfæri. Ein af þeim er að halda reglulegar kosningar þar sem allir í frístundaheimilinu hafa kosningarétt. Farið verður yfir hvernig hægt er að halda kosningar á einfaldan og barnvænan máta þar sem allir eru hvattir til að taka þátt.

Lilja Marta Jökulsdóttir, aðstoðarforstöðukona í frístundaheimilinu Laugarseli, Kringlumýri.

Í dagsins önn – Hversdagsleikinn í Töfraseli

Í erindinu verður fjallað um innra starfið í frístundaheimilinu Töfraseli, dagskráin kynnt og sagt frá hópastarfi, klúbbum og smíðjum sem eru í gangi.

Erna Bryndís Einarsdóttir, forstöðumaður, og Katrín Einarsdóttir, aðstoðarforstöðumaður í frístundaheimilinu Töfraseli, Miðbergi.



Kl. 10:50 Málstofa – önnur lota

Battle Dragon

Í frístundaheimilinu Krakkakoti er unnið með allskyns spunaspil. Afrakstur þeirrar vinnu er þróunarverkefnið Battle Dragon sem er einfaldari útgáfa af Dungeons and Dragons. Sagt verður frá því hvernig leikurinn varð til, hvernig hann virkar og spilast og hvar hægt er að nálgast efniviðinn til eigin nota.

Kristján Jesús Potenciano, frístundaleiðbeinanda í frístundaheimilinu Krakkakoti, Kringlumýri.

Hópastarf fyrir stráka í 6. bekk í Háteigsskóla

Hópastarfið fór fram í 6 vikur, einu sinni í viku á skólatíma í samráði við kennara og skólastjórnendur. Fyrst og fremst var lögð áhersla á jákvæð og heilbrigð samskipti í hópnum. Auk þess var fjallað um vináttu og vægi orða í daglegum samskiptum og samskipti á netinu og samfélagsmiðlum.

Kristófer Jónsson, aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöðinni 105, Tjörninni.

Að vera starfsmaður með þroskahömlun

Starfsmaður með þroskahömlun fer yfir sína reynslu af starfinu. Farið verður yfir þær áskoranir og hindranir sem hafa komið upp í starfinu, auk tækifæra og sigranna. Farið verður yfir hvað yfirmenn geta gert til að styðja betur við fólk með þroskahamlanir og mikilvægi þess að virkja fólk með fötlun á vinnumarkaði.

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir, starfsmaður í Kringlumýri

Rafíþróttaver í Gufunesbæ

Niðurstöður Rannsóknna & greiningar 2018 sýndu að unglingar í Grafarvogi hafa mikinn áhuga á rafíþróttum. Í kjölfarið var ákveðið að fjárfesta í búnaði fyrir rafíþróttaver og fara af stað með hópastarf í öllum félagsmiðstöðvum í Grafarvogi. Markmiðið er að auka fjölbreytnina í félagsmiðstöðvistarfinu, sameina hópinn sem hefur mikinn áhuga á rafíþróttum og þannig efla tengsl þeirra í raunheimum. Einnig er markmiðið að efla félagsfærni þátttakenda, stuðla að heilbrigði með fræðslu og þátttöku í öðru skipulögðu frístundastarfi.

Inga Lára Björnsdóttir, deildarstjóri unglingasviðs í Gufunesbæ.

Brandarabók Kringlumýrar

Það er kjánalegt hversu oft við rekumst á ljóta brandara í brandarabókum fyrir börn þar sem grínast er með áfengisneyslu, kynlíf, rasisma, fordóma eða viðlíka hluti. Þá eru Hafnfirðingabrandarar og ljóskubrandarar gjarnan með. Oft má samt taka slíka brandara og breyta þeim með því að sleppa þeim þætti sem er „ljótur“. Ef þið heyrið ykkur segja í huganum „ekkert má nú lengur“ þá skulið þið þagga niður í röddinni því þetta viðhorf á ekki heima í þessari umræðu. Af þessu tilefni ákváðum við í Kringlumýri að safna saman bröndurum í rafræna bók því húmor er svo sannarlega stór hluti af uppeldi barna. Sagt verður frá tilurð þróunarverkefnisins, hvernig við munum halda því áfram á lofti og hver tilgangurinn er með þessu öllu saman.

Ásta Margrét Elínardóttir, forstöðukona í frístundaheimilinu Krakkakoti, Kringlumýri.

„Má ég vera með?“

Fjallað er um markvissa félagsfærniþjálfun fyrir börn sem þurfa á því að halda á frístundaheimilinu Eldflauginni sem falla ekki endilega að þeim hópi sem fær úthlutað stuðningi frá Kringlumýri (þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra). Börnin hittust í smærri hópum einu sinni í viku yfir tíu vikna tímabil. Þá var byrjað á að fara í grunnfærni eins og að hlusta á aðra og skiptast á í samræðum, yfir í vináttu- og leiðtogafærni.

Unnur Tómasdóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Eldflauginni, Kringlumýri.

Útfrístund 6 ára barna í Regnbogalandi

Í vetur gerði frístundaheimilið Regnbogaland, sem staðsett er í Foldaskóla, tilraun með að hafa útfrístund einn dag í viku hjá börnum í fyrsta bekk. Í þessu erindi verður sagt frá tilurð verkefnisins, skipulagningu, áskorunum og hvernig hefur til tekist.

Elva Hrund Þórisdóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Regnbogalandi, Gufunesbæ.



Kl. 11:20 Málstofa – þriðja lota

Essið

Essið er sértækt hópstarf í félagsmiðstöðinni Frosta þar sem stelpur í 10. bekk læra hvernig notkun dagbóka eykur sjálfsskilning. Mikið er lagt upp úr sjálfsmildi, sköpun og jákvæðum samskiptum í gegnum æfingar, dagbókarskrif og aðra listsköpun. Markmið hópstarfsins var að búa til rými fyrir stelpurnar til að tjá sig, spyrja spurninga, leika sér, skapa og fara út fyrir þægindarammann. Sagt verður frá verkefninu, hvernig gekk og hvernig má nýta það frekar.

Kristín Dóra Ólafsdóttir, frístundaráðgjafi, og Brynja Helgadóttir, aðstoðarforstöðukona í félagsmiðstöðinni Frosta, Tjörninni.

Hópstjórar í sumarstarfi Hallarinnar

Sumarið 2018 fór félagsmiðstöðin Höllin af stað með hópstjórarverkefni fyrir unglíngana í Höllinni sem voru skráðir í Vinnuskólann. Markmið verkefnisins var að gefa nokkrum drengjum í unglíngadeild, sem höfðu átt erfitt með tilfinningastjórnun og að tilheyra hópi, ábyrgðarhlutverk þar sem þeir þurftu að vera fyrirmyndir og aðstoða starfsfólk við að framkvæma dagskrá sumarsins í Höllinni.

Jódis Lilja Jakobsdóttir, forstöðumaður, og Friðrik Sigurðsson, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Höllinni, Gufunesbæ.

Félagsfærni í Norðlingaskóla

Markmið hópstarfsins í Norðlingaskóla er að styrkja sjálfmynd og félagslega stöðu barnanna sem koma í starfið. Unnin eru verkefni tengd vináttu, styrkleikum, fyrirmyndum og tilfinningum. Þetta er viðbót við skólastarfið og fyrsta námskeiðið fór af stað í haust. Hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur í senn og gengur starfið í 5-6 vikur. Í starfinu er mikil áhersla lögð á styrkleika barnanna og það að geta hrósað sjálfum sér og öðrum. Vikunum er skipt upp í stærri þemu: Styrkleikar - Fyrirmyndir - Tilfinningar - Samskipti/Vináttu og unnið saman að verkefnum í tengslum við hvert þema.

Elísabet Hanna Mariudóttir og Helgi Einarsson, frístundaráðgjafar í Norðlingaskóla.

Er Switch tíminn byrjaður? – Um stuðning út frá lífsheimi barna

Í frístundaheimilinu Halastjörnunni hefur verið byggð upp stuðningsáætlun fyrir barn sem gekk út á að byggja markviss upp traust barnsins með því að kynna sig og nýta sér lífsheim og áhuga barnsins og vinna að því að bæta velliðan þess og ná stjórn á óæskilegt hegðun barnsins.

Hans Gunnar Danielsen, frístundaleiðbeinandi í umsjón, og Ulrike Schubert, forstöðumaður í frístundaheimilinu Halastjörnun, Tjörninni.

Sameiginlegir viðburðir frístundaheimila Gufunesbæjar

Forstöðumenn frístundaheimila Gufunesbæjar hafa undanfarin ár raðað sér niður í nefndir í því skyni að sjá um sameiginlega viðburði. Þar má nefna góðgerðamarkað, barnamenningarhátíð, vorhátíð og fleira. Í þessu erindi verður farið yfir skipulagningu og framkvæmd á þessum sameiginlegu viðburðum ásamt því að sýna afrakstur nokkurra þeirra.

Ásrún Ýr Rúnarsdóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Tigrisbæ, Erla Bára Ragnarsdóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Kastala og María Una Óladóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Brosbæ, Gufunesbæ.

Velkomin í frístundaheimilið þitt

Allir verðandi 1. bekkingar sem voru að byrja í frístundaheimilum Tjarnarinnar fengu bókina Velkomin í frístundaheimilið þitt senda heim í pósti áður en skólaganga þeirra og þar með dvöl í frístundaheimilinu hófst. Sagt er frá tilurð bókarinnar, hönnunarferlinu, markmiði og tilgangi með henni. Alls voru gefnar út sex útgáfur af bókinni, ein fyrir hvert frístundaheimili sem þjórnar 1. bekk í Tjörninni.

Steinunn Grétarsdóttir, deildastjóri barnasviðs, Tjörninni.



Kl. 11:50 Málstofa – fjórða lota

Fjölmiðlaskólinn

Fjölmiðlaskólinn er námskeið þar sem ungmenni búa til sinn eigin fréttamiðil á netinu. Þátttakendur fá frelsi og tækifæri til láta rödd sína heyrast í gegnum blaðamennsku, myndbandsgerð, samfélagsmiðla og fjölmiðla í heild sinni. Fjölmiðlaskólinn hefur verið starfandi síðastliðin sumur á Akureyri og stefnt er á að innleiða hann í Reykjavík í sumar. Verkefnið verður samstarfsverkefni Frístundarmiðstöðvarinnar Ársels og Vinnuskólans í Reykjavík

Sölvi Andrason, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Holtinu, Árseli.

Jólaferð

Sagt er frá tilurð jólaferðar fyrir 10-12 ára krakka í félagsmiðstöðinni Púgyn sem varð til haustið 2017. Ferðin hitti beint í mark hjá börnunum og einnig hjá foreldrum. Nú fara allar félagsmiðstöðvar í Grafarvogi í slíkar ferðir og eftirspurn eftir plássi er mikil.

Stefanía Ýr Stefánsdóttir, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Púgyn, Gufunesbæ.

Hefur sértækt hópastarf áhrif á líðan unglinga?

Frístundamiðstöðvarnar Kringlumýri og Miðberg unnu að rannsókn ásamt HÍ sumarið 2018. Lögð var fyrir könnun um hagi og líðan þátttakenda í sumarhópum félagsmiðstöðva. Farið verður fyrir helstu niðurstöður rannsóknarinnar og fyrirhugað framhaldsverkefni kynnt.

Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglinga, Kringlumýri og Krístrún Lilja Daðadóttir, deildarstjóri unglinga, Miðbergi.

Hugarró - barnajóga

Frístundamiðstöðin Miðberg hefur í vetur boðið upp á jóga á öllum frístundaheimilunum í Breiðholti. Klúbburinn hefur verið einu sinni í viku á hverju frístundaheimili undir handleiðslu jógakennara sem kemur inn með nýjar og einfaldar æfingar fyrir börnin og þjálfar starfsmenn í að halda verkefninu áfram. Gefinn var út jógabæklingur og börnin fá viðurkenningarskjöl í lok verkefnisins. Markmið verkefnisins var að kynna börnin fyrir jóga og stuðla að andlegri vellíðan og virkja núvitund þeirra.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, forstöðumaður í frístundaheimilinu Álfheimum og Magnús Loftsson, forstöðumaður í frístundaheimilinu Vinaseli, Miðbergi.

„Selsvarpið“

Í frístundaheimilinu Selinu var byrjaði að taka upp hlaðvarpsþætti með börnunum sl. janúar. Selsvarpið er hlaðvarpsþáttur þar sem börnin í Selinu ræða sín á milli um það sem skiptir þau máli. Hér verður farið yfir aðdragandann, útfærsluna og útkomuna.

Þjörn Þór Jóhannsson, forstöðumaður í frístundaheimilinu Selinu, Tjörninni.

Vináttuteppi – Samstarfsverkefni frístundaheimila Miðbergs

Kynning á Vináttuteppinu sem var unnið veturinn 2018-2019. Alls tóku 72 börn á sex frístundaheimilum þátt í sköpunarferlinu sem var unnið í hekluklúbbi í frístund. Að lokum var Vináttuteppið sýnt á Barnameningarhátíð. Farið verður yfir sköpunarferlið og tilurð verksins.

Jónína Kristín Þorvaldsdóttir, aðstoðarforstöðumaður í frístundaheimilinu Hraunheimum og María Rós Valgeirsdóttir, forstöðumaður í Frístund plús, Miðbergi.

